

DONNABIKARINN

1. Viðurkenningin er í minningu Gullaldarliðs ÍA. Einn leikmanna var Halldór Sigurbjörnsson (Donni) sem keppti með meistaraflokki ÍA frá 1950 til 1965 og er viðurkenningin nefnd Donnabikarinn. Bikarinn er gefinn af afkomendum Donna og var í fyrsta skipti afhentur 1985.
2. Viðurkenninguna skal veita þeim dreng í 3. – 4. flokki sem sýnir bestan árangur á síðastliðnu ári að mati þjálfara þessara flokka og yfirþjálfara félagsins.
3. Afhenda skal viðurkenninguna á uppskeruhátíð yngri flokka að hausti til varðveislu í eitt ár, ásamt merktum bikar til eignar.
4. Setja skal skjöld með nafni og ártali viðkomandi drengs á fót bikarsins og skrá veitingu viðurkenningar í fundargerðabók félagsins.

Samþykkt á fundi stjórnar uppeldissviðs Knattspyrnufélags ÍA, 6.október 2015.



Lárus Ársælsson, formaður
stjórnar uppeldissviðs KFÍA